



Fréttabréf 1. febrúar 2021

Ert þú samfélagið?

Gerir þú mikið af því að hjálpa fólki og sýnir mikinn áhuga á virkri þátttöku í samfélaginu? Tekur þú reglulega eftir að eitthvað vanti og getur þá fljótt gert það að innblæstri fyrir eitthvað nýtt? Hefur þú einhvern tímann hugsað um að leysa vanda sem snertir almenning? Hefur það að taka þátt og vera virk/ur alltaf einkennt þig?

Sé þetta tilfellið ... þá vildum við gjarnan fá að vita meira um þig!

Við erum samstarfshópur 10 samtaka/stofnana frá 8 Evrópulöndum og höfum skuldbundið okkur, í gegnum verkefni styrkt af Framkvæmdastjórn ESB sem heitir „Our Civic Heritage“, til að styðja alla sem vilja taka virkan þátt í lífi samfélaga sinna, taka á sig samfélagslegar skuldbindingar, greiða fyrir fjölmennningarlegum skilningi og stuðla að aðgerðum sem miða að samfélagslegri þátttöku fólks. Samstarfsverkefnið byggir á sterkri trú á að þróun samfélagslegrar hæfni – þekkingu og færni sem gerir einstaklingi virka þátttöku í samfélaginu mögulega – sé forsenda fyrir því að fólk skuldbindi sig gagnvart samfélögum sínum með virkum og lýðræðislegum hætti. Menntun í „gildum“ hjálpar við að byggja upp samfélagslega arfleifð okkar – þjóðfélög án jaðarsetningar sem byggja á sameiginlegum gildum lýðræðis, umburðarlyndis og frelsis með því að styrkja samstöðu og nærsamfélög.

Takið þátt, sinnið samfélagslegri þátttöku og stuðlið að henni

Til þess að fá betri skilning á því hvað hægt er að gera og hvernig það tengist samfélagslegri þátttöku þá felst fyrsta skrefið í ítarlegri rannsókn sem finnur og greinir verkefni, með samfélagslegu frumkvæði, frá samstarfslöndunum með áherslu á eftirfarandi svið:

- Friður og lýðræði
- Samtal milli menningarheima og fjöltyngi
- Líkamleg og geðræn heilsa
- Listir og listrænn flutningur
- Jafnræði og þátttaka í menntun
- Loftslagsvá
- Heimskreppa

Hafir þú áhuga og tilbúinn að leggja þitt af mörkum í verkefni okkar skaltu ekki hika við að hafa samband við samstarfsaðila okkar á Íslandi sem er Landsbyggðin lífi.



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

This project has been funded with support from the European Commission. This publication reflects the views only of the author, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.